

Íslenskur iðnaður

SI

7. tbl. 12. árg

Samtök iðnaðarins

Júlí 2006

20 ár frá stofnun TM Software

Hugbúnaðarfyrirtækið TM Software minntist þess nýlega að tuttugu ár eru síðan það var stofnað. Fyrirtækið hefur vaxið hröðum skrefum síðustu árin og stefnir að því að verða meðal stærstu fyrirtækja sinnar tegundar í Evrópu. Á síðasta ári nam velta þess um 4,5 milljörðum króna. TM Software rekur starfsstöðvar í 11 löndum í fjórum heimsálfum en starfsmenn eru um 450.

Meðal viðskiptavina eru mörg stærstu fyrirtækin hér á landi og fjöldi erlendra fyrirtækja, ekki síst á sviði sjávarútvegs og heilbrigðismála. Friðrik Sigurðsson, forstjóri TM Software, segir að fyrir 20 árum hafi fæsta dreymt um að hugbúnaðariðnaðurinn ætti eftir að vaxa eins mikið og verða jafn mikilvægur og nú er raunin.

Fyrirtækið hét upphaflega Tölvumyndir en nafninu var breytt á síðasta ári vegna aukinna verkefna erlendis. Friðrik segir að fyrirtækið smíði eigin hugbúnað og selji undir eigin vörumerkjum, s.s. Wisefish-kerfið fyrir sjávarútveg og Theriak-kerfið fyrir sjúkrahús. Velgengni fyrirtækisins þakkar hann ekki síst frábæru starfsfólki. Friðrik kys fremur að kalla erlend umsvif fyrirtækisins alþjóðavæðingu en útrás. Fyrirtækið sé stolt af íslenskum uppruna sínum en stefni að



því að verða alþjóðlegt. Friðrik áætlað að velta fyrirtækisins verði orðin um 11 milljarðar árið 2009 og því markmiði sé ætlunin að ná með innri vexti og yfirtöku annarra fyrirtækja.

Samtök iðnaðarins árna Friðriki og öðrum starfsmönnum TM Software allra heilla af þessu tilefni.



**Skrifstofu Samtaka
iðnaðarins verður lokað
vegna sumarleyfa
frá 17. júlí - 7. ágúst að
báðum dögum meðtöldum**

bls. 2



Ný víglína gegn
verðbólgu

bls. 4



Evrópsku
tæknivettvangarnir

bls. 6



Litið í gullkistu
Dóru G. Jónsdóttur

bls. 7



Öflugur
matvælaíðnaður í
stöðugri framþróun

bls. 7



Ný reglugerð um
um íblöndun
bætiefna í matvæli



NÝ VÍGLÍNA GEGN VERÐ- BÓLGU

Frá vinstri, Grétar Þorsteinsson, Ingimundur Sigurpálsson, Vilmundur Jósefsson og Vilhjálmur Egilsson á blaðamannafundi sem SA og ASÍ stóðu fyrir

Aðilar vinnumarkaðarins sýndu ábyrgð og frumkvæði með ágerð þess kjarasamnings sem undirritaður var hinn 22. júní síðastliðinn. Aðkoma ríkisstjórnarinnar var óhjákvæmileg og samkomulag náðist við hana um niðurstöðu sem góð sátt virðist ríkja um. Samningar eru nú í gildi út árið 2007 og má vænta þess að á þeim tíma fái mikilsverður friður á vinnumarkaðinum.

Viðspyrna gegn verðbólgu

Vonast er til að þessir samningar veiti öfluga viðspyrnu gegn verðbólgu sem hefur að nýju látið kræla á sér. Verðbólgan er ógn sem enginn ábyrgur stjórnmalamaður eða forystumaður í verkalyðshreyfingunni eða hjá samtökum atvinnurekenda vill að ná í föt festu. Atvinnulífið sækist fyrst og fremst eftir stöðugleika og verðbólga er sameiginlegur óvinur fólks og fyrir-tækja. Um þetta er ekki deilt.

Ríki og sveitarfélög beiti aðhaldi

Nýgerðum kjarasamningum þarf að fylgja eftir með aðhalds-aðgerðum í ríkisfjármálum en ekki síður hjá sveitarfélögum sem farið hafa mikinn á undanförunum árum og eiga vissulega sinn stóra þátt í of mikilli þenslu í efnahagskerfi landsmanna. Það verður erfitt og mun reyna á þá mörgu framsæknu sveit-arstjórnarmenn sem nýkomnir eru út úr kosningum þar sem kosningaloforðin voru almennt ekki spöruð. Á þeim hvílir sú skylda að vinna úr aðstæðum af yfirvegun og skynsemi.

Kosningaár eru jafnan þensluhvetjandi og geta verið stór-hættuleg fyrir efnahagsþróunina. Þess vegna þarf að vanda vel til verka á þessu ári og hinu næsta og freista þess að ná samstöðu um yfirvegaða efnahagsstefnu og hóflega framkvæmdaglegi. Við fögnum að sjálfsögðu miklum framkvæmdahug landsmanna en allt verður þetta að rúmast innan ramma hins mögulega. Heppilegra er að þensla skapist vegna arðgefandi fjárfestinga í atvinnulífinu en vegna aukinna umsvifa og framkvæmda hins opinbera.

Viðburðarík sumarbyrjun

Óhætt er að segja að undanfarnar vikur hafi verið viðburðar-

ríkar þegar á það er litið að kosningar fóru fram í lok maí. Til uppstokkunar kom í ríkisstjórninni og loks tókst að ljúka þrí-hliða kjarasamningum aðila vinnumarkaðar og ríkisstjórnarinnar með skömmum aðdraganda. Það næði, sem nú gefst, verður vonandi notað til uppbyggingar og til þess að treysta undirstöður efnahagsstjórnarinnar.

Þegar Halldór Ásgrímsson lýsti yfir að hann hefði ákveðið að hætta sem forsætisráðherra og formaður Framsóknar-flokksins tóku við nokkrir sólarhringar óvissu og togstreitu innan flokksins. Um tíma leit út fyrir að menn væru að missa tókin á atburðarrásinni þar á bæ. Það hefði valdið óheppilegri trúflun í landsstjórninni og fært okkur fjær því að ná árangri. Það hefði dregið úr möguleikum okkar til að ráðast gegn verðbólgunni og getað valdið hættulegum tögum frá því að draga hina nýju víglínu gegn óheppilegri þróun. Sem betur fer tókst þeim framsóknarmönnum að ráða fram úr málum sínum á farsælan hátt. Halldór Ásgrímsson gat því stigið út úr ríkisstjórninni í þeirri vissu að verkefnið væru í öruggum höndum.

Geir Haarde fer vel af stað og flest bendir til þess að hann njóti mikils trausts og virðingar meðal landsmanna sem vissulega er nauðsynlegt fyrir forsætisráðherra. Þá fær nýtt fólk tækifæri á ráðherrastólum og Samtök iðnaðarins fagna sérstaklega komu Jóns Sigurðssonar í stöðu iðnaðarráðherra um leið og Valgerði Sverrisdóttur er þakkað farsælt samstarf í hálf tjuunda ár.

Við trúum því að ríkisstjórn Geirs Haarde nýti sér til fullnustu þau tækifæri sem nú hafa skapast til að viðhalda stöðugleika og hamla gegn verðbólgu. Hún nýtur til þess heils hugar stuðnings aðila vinnumarkaðarins.



Helgi Magnússon
formaður Samtaka iðnaðarins

CE merking byggingavara - Evrópustaðlar og tæknisamþykki

Samkvæmt gr. 120 í byggingareglu-gerð eiga allar byggingavörur að vera CE merktar, vottaðar eða hafa fengið umsögn um eiginleika af til þess bærum aðilum. Það felur í sér að slíkir aðilar staðfesta að varan sé í samræmi við kröfur tiltekins staðals og standi undir þeim eiginleikum sem þar eru tilgreindir eða búi yfir þeim eiginleikum sem umsögnin staðfestir. Þannig geta hönnuðir metið hvort eiginleikar vörunnar séu í samræmi við þær kröfur sem hönnun þeirra gerir ráð fyrir.

Þetta á við byggingavörur í allar tegundir bygginga, sama hvaða byggingar efni er notað. Það er hlutverk hönnuða og byggingafulltrúa að fylgja því eftir að eingöngu séu notaðar vörur sem fullnægja kröfum viðkomandi hönnunar.

Þeir húsbyggendur sem ekki geta sannað eiginleika vörunnar með CE merkingu eða framleiðsluvottun þurfa að afla sér stakrar vottunar eða umsagnar á tilteknum eiginleikum hennar í sérhverju tilviki.

Staðlar og vottanir á byggingavörum hafa færest í vöxt á íslenskum byggingamarkaði frá 1994.

Tvenns konar Evrópustaðlar

Til eru tvenns konar gerðir af Evrópustaðlum. Annars vegar er um að ræða samræmdan staðal (hEN) og hins vegar almennan staðal (EN) sem ekki er samræmdur. Samræmdir staðlar eru unnir eftir forsögn Evrópusambandsins og þá með tilvísun í tiltekna tilskipun ESB en það sama gildir um tæknisamþykki. Aðrir staðlar (EN) eru unnir að frumkvæði Evrópustaðlaráðsins, notkun þeirra valfrjáls og því aðeins leiðbeinandi fyrir framleiðandann. Þegar vara heyrir undir samræmdan staðall (hEN) eða tæknisamþykki ber framleiðanda vörunnar að uppfylla að lágmarki þau viðmið sem koma fram í staðlinum. Á grundvelli þess getur hann aflað sér heimildar til að CE merkja vöruna og öðlast með því rétt til að setja hana á markað á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í hinu tilvikinu getur framleiðandinn valið hvort hann uppfyllir kröfur staðalsins en heimild skapast ekki til að CE merkja vöruna á grundvelli staðalsins.

Vara, sem á að fullnægja kröfum samræmds staðals eða tæknisamþykkis, skal bera CE merki sem tákni um yfirlýsingu framleiðenda um að viðkomandi vara



uppfylli kröfur tiltekins staðals eða tæknisamþykkis.

Íslenskar byggingavörur sem eiga að vera CE merktar

Hér á landi er líklega framleitt þó nokkuð af byggingavörum sem eiga nú þegar að vera CE merktar því að fyrir hendi eru staðlar og tæknisamþykki fyrir ýmis byggingarefni, t.d. einangrun, krossvið, gífsplötur, festingar, timbur í burðarvirki og sement. Ljóst er að á næstu árum mun samræmdum staðlum fjölga og þar með byggingavörum sem þurfa að fullnægja kröfum um CE merkingu.

Neytendastofu ber að hafa eftirlit með byggingavörum á markaði. Ef kvörtun, sem er á rökum reist, berst Neytendastofu um að ólögleg vara sé á markaði má búast við að þess verði krafist að varan verði tekin af markaði. Það gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir frameiðanda ef honum yrði bannað að selja vörur sínar vegna þess að þær fullnægi ekki kröfum í reglugerð um viðskipti með byggingavörur. Það getur tekið framleiðanda nokkra mánuði að koma á tilskilinni framleiðslustýringu og gæðaeftirliti með viðeigandi úttektum tilnefnds aðila eins og krafist er í stöðlum.

Því er mjög brýnt að íslenskir framleiðendur fylgist vel með í þessum efnunum og séu undir það búnir að fullnægja kröfum um CE merkingu þegar þar að kemur.

Greiður aðgangur að ýmiss konar aðstoð hjá SI

Samtök iðnaðarins hafa aðstoðað allnokkur fyrirtæki við að koma á markvissri framleiðslustjórnun og tilskilinni skjalfestingu á árangri sem er forsenda framleiðsluvottunar af öllu tagi. Samtök in búa yfir mikilli þekkingu á flóknu umhverfi staðla og reglugerða sem munu hafa aukin áhrif á byggingavörumarkaðinn á næstu árum. Félagsmenn SI eiga greiðan aðgang að þessari þekkingu og geta sótt aðstoð af ýmsu taki til að auðvelda sér aðlögun að auknum kröfum.

Eyjólfur Bjarnason
Ferdinand Hansen



Fréttablað Samtaka iðnaðarins
7. tbl. 12. árg. Júlí 2006
ISSN 1022-7741

För í prentsmíðu: 07.07.2006
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Iðjoberg
Ljósmyndir: Jóhannes Long, Kristján Maack, forsiða,
Valgarður Gíslason, bls. 2

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101 - Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Evrópsku tæknivettvangarnir

Áhugarverð leið fyrir fyrirtæki í rannsóknasamstarfi innan Evrópu

Evrópskir tæknivettvangar eða European Technology Platforms er nýtt samstarfsform um Evrópurannsóknir sem stendur íslenskum fyrirtækjum til boða. Þeir gegna lykilhlutverki í stefnumótun og skilgreiningu áhersluverkefna innan 7. rammaáætlunar Evrópusambandsins sem hefst á næsta ári.

Meginmarkmið Evrópsku tæknivettvanganna er að örva samkeppnishæfni evrópsks iðnaðar með vel skilgreindu rannsókn- og þróunarsamstarfi undir forystu fyrirtækja.


Evrópsku tæknivettvangarnir - ETP beina athyglinni að stefnumarkandi þáttum þar sem framtíðarvöxtur í Evrópu, samkeppnishæfni og sjálfbærni byggjast á tæknilegu forskoti.

Þeir gegna lykilhlutverki í að tengja áherslur í evrópskum rannsóknnum við þarfir atvinnulífsins og markmið sem fela í sér umtalsverð áhrif á almenn lífsgæði og hagræði fyrir Evrópubúa á fjölmörgum sviðum.

Þeir ná til allrar virðiskeðjunnar og er ætlað að tryggja að þekking, sem verður til í rannsóknastarfi, skili sér í nýrri tækni og verkferlum og að lokum í markaðshæfum vörum og þjónustu.

Vel skilgreint og skýrt verkferli

Vel skilgreint verklag hefur verið mótað



við uppbyggingu tæknivettvangana sem byggir á þriggja þrepa ferli um mótun framtíðarsýnar, skilgreiningu markmiða í rannsóknnum og þróunarstarfi og varða leiðina til að ná þeim markmiðum.

Í fyrsta þrepi eru hagsmunaaðilar kallaðir saman undir stjórn iðnaðarins til að skilgreina sameiginlega framtíðarsýn þar sem gjarnan er horft nokkuð langt fram í tímann, t.d. til ársins 2020 eða jafnvel til ársins 2030.

Í öðru þrepi koma hagsmunaaðilarnir sér saman um stefnumarkandi rannsóknáætlun, svokallaða Strategic Research Agenda, sem miðar að því að skilgreina langtíamarkmið um tækniuppbyggingu á viðkomandi sviði.

Í þriðja þrepi fylgja hagsmunaaðilar áætlun sinni eftir með því að útvega og virkja nauðsynlegar mannaflaugar og

fjárhagslegar forsendur til að ná settum markmiðum.

Tæknipróun á fjölmörgum sviðum sem eru áhugaverð fyrir íslensk fyrirtæki

Þróun Evrópsku tæknivettvanganna hefur staðið yfir sl. tvö ár og nú hafa verið myndaðir 29 slíkir samstarfsvettvangar og fleiri eru í mótun. A.m.k. helmingur þeirra er á sviðum sem geta talist áhugaverð fyrir íslensk fyrirtæki og því full ástæða til að þau skoði virka þátttöku og áherslur sínar í því sambandi. Meðal þeirra má nefna Manufuture sem fjallar um framtíðartækni í framleiðslu iðnaði, Construction Technology Platform sem fjallar um framtíðartækni í mannvirkjum og mannvirkjagerð og "Food for life" sem fjallar um fram-

Tæknivettvangur á matvælasviði: Food for Life

Í grein Davíðs Lúðvíkssonar hér á síðunni er fjallað almennt um markmið og starfsemi Evrópskra tæknivettvanga.

Einn þeirra er á matvælasviði og gengur undir nafninu "Food for Life." Markmið hans, eins og annarra slíkra vettvanga, er að auka líkur á að rannsóknaniðurstöður rati út í iðnaðinn og breyta rannsóknáherslum í samræmi við mikilvægi fyrir iðnaðinn.

Tæknivettvangurinn "Food for Life" hefur tekið saman skýrslu um framtíðarsýn fram til 2020. Hún verður notuð til að setja fram tillögur matvælaíðnaðarins fyrir val á áherslusviðum fyrir 7. rannsóknáætlun Evrópusambandsins sem hefst á næsta ári og stendur til ársins 2013. Endanlega verður gengið frá rannsóknáherslum "Food for Life" í mars 2007 en tíminn þangað til verður

notaður til samráðs við aðildarríkin.

Allar upplýsingar um "Food For Life," þar á meðal skýrsluna í heild, má lesa á vefsetri samtaka matvæla- og drykkjarvöruframleiðenda í Evrópu, CIAA, á síðinni: <http://etp.ciaa.be>.

Næstu skref í vinnunni við tillögur matvælaíðnaðarins til Evrópusambandsins eru að setja af stað vinnu í hverju landi við að skilgreina áherslur og þarfir og gera áætlun um notkun niðurstaðna.

Helstu áherslusvið í framtíðarsýn "Food for Life" eru:

- Matvæli og heilsa (Food and health)
- Gæði og matvælaframleiðsla (Food Quality and manufacturing)
- Matvæli og neytendur (Food and Consumer)

- Öruggr matvæli (Food safety)
- Sjálfbær matvælaframleiðsla (Sustainable food production)
- Stjórnun fæðukeðjunnar (Food chain management)
- Samskipti, þjálfun og tækniyfifærsla (Communication, training and technology transfer)

Íslenskir matvælaframleiðendur geta tekið þátt í og nýtt sér starfsemi "Food for Life" með því að móta skýra stefnu um þörf fyrir rannsóknir og tæknipróun á komandi árum og gera áætlun um hvernig niðurstöður úr samevrópskum rannsóknnum verði best nýttar greininni til hagsbóta.

Ragnheiður Héðinsdóttir

tíðartækni í matvælaíðnaði. Þá má nefna nokkra tæknivettvanga á upplýsingatæknisviðum, s.s. NESSI, sem fjallar um tækniuppbyggingu á sviði hugbúnaðar og þjónustusviðum.

Heildaryfirlit yfir alla þessa vettvanga og þróun þeirra er á finna á vefsetri þeirra: cordis.europa.eu/technology-platforms/home_en.html.

Áhersla lögð á aðgengi og gagnsæi

Mikil áhersla er lögð á gagnsæi og aðgengi að Evrópsku tæknivettvöngunum, ekki síst fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki á tæknisviðum. Í flestum löndum Evrópu hafa verið myndaðir samstarfs- hópar hagsmunaaðila á viðkomandi sviðum, svokallaðir „spiegelhópar“ eða "mirror groups." Þessi hópar gegna mikilvægu hlutverki sem tengiliðir landanna við tæknivettvangana en einnig til að móta séráherslur landanna sem byggðar eru á aðstæðum í hverju landi.

Samtök iðnaðarins hafa þegar hafið undirbúning að mótun slíkra spegilhópa hér á þeim sviðum sem helst tengjast íslenskum hagsmunum. Þetta starf verður tengt þeim starfsgreinahópum sem starfandi eru innan SI eftir því sem við á. Einnig er stefnt að því að efna til samstarfs við aðra stuðningsaðila atvinnulífsins þar sem nauðsynlegt er að tryggja enn breiðari þátttöku innlendra aðila.

Áhugasamir geta haft samband við undirritaðan eða forstöðumenn starfsgreinahópa SI til að afla frekari upplýsinga.

David Lúðvíksson

Kynnisferð úr málminum á Kárahnjúka og í Fljótsdalsvirkjun



Í byrjun júní fór hópur rösklega tuttugu manna og kvenna úr málmiðnaðinum í kynnisferð til Kárahnjúka. Mjög vel var tekið á móti hópnum og hann skoðaði öll þau undur og stórmerki sem þar gat að líta.

Í fyrstu var komið við í upplýsingamiðstöðinni í Végardí þar sem gerð er ítarleg og góð grein fyrir þessum miklu framkvæmdum. Því næst var ekið upp að Kárahnjúkastíflunni og þar fundu menn mjög til smæðar sinnar enda eiga framkvæmdir þar engan sinn líka hér á



Módel af framkvæmdunum skoðað í Végardí

landi. Einn af eftirlitsmönnum með framkvæmdunum útskýrði þær og svaraði fyrirspurnum greiðlega.

Þá var aftur ekið til byggða og inn í fjallið þar sem verið er að setja upp vél- ar og annað sem þarf til að framleiða 690 MW af afli í sex aflvélum. Þar var margt áhugavert að sjá fyrir mál- og véltæknimenn og allt útskýrt af staðkunnugum.

Ingolfur Sverrisson

Húshlutir
Húsasmíði
Málun
Múrun
Pípuþægning
Dúklægning
Byggingavörur
Blikksmíði
Málmsmíði
Jarðvinna
Vinnuvélar
Garðyrkja
Hreinsun
Endurvinnsla

Taktu enga áhættu við verklegar framkvæmdir

Tryggðu þér meistara og fagmenn til verksins



Þar sem þú finnur fagmenn til verksins



Stirnir á stálið í undirstöðum einnar aflvélarinnar

Litið í gullkistu Dóru G. Jónsdóttur

Í tilefni ráðstefnu norrænna þjóðbúningafélaga var efnt til sýningar á þjóðbúningaskarti í Árbæjarsafni. Dóra Guðbjört Jónsdóttur sem smíðað hefur víravirki og þjóðbúningaskart um áratuga skeið, var boðið að halda sýningu á verkum sínum í tilefni þess í sumar.

Dóra nam gull- og silfursmíði á verkstæði föður síns, Jóns Dalmannssonar, á árunum 1949-53 og lauk sveinsprófi árið 1954. Hún Dóra hélt einnig utan til náms á því tímabili og nam við Lýðháskólann í Tarna í Svíþjóð, lærði gullsmíði við Konstfackskolan í Stokkhólmi árið 1950 og leturgröft á verkstæði í borginni.

Framan af starfsferli sínum starfaði Dóra sem gull- og silfursmiður á verkstæði föður síns eða til ársins 1970 þegar hún tók við rekstri fyrirtækisins.

Árið 1976 flutti Dóra starfsemi sína á Frakkastíg og stofnaði Gullkistuna og þar hefur hún selt Reykvikingum skart í 40 ár. Gullkistan hefur sérhæft sig í gerð þjóðbúningasilfurs og má þar finna allan þann búnað sem tilheyrir íslenskum þjóðbúningi og fleira til.

Dóra er fær og mikilvirkur gullsmiður og beitir af þekkingu þeim aðferðum íslenskir gullsmiðir hafa þróað með sér í aldanna rás. Hún vinnur jöfnun höndum á gull og silfur, notar íslenska steina og vinnur með tækni s.s. sandsteypu og þeytisteypu, útsögun og formun í gerð skartgripa sinna. Hún vinnur einnig gripi



með loftverki og víravirki, tækni sem einkennir íslenskt búningasilfur.

Dóra gerðist félagi í Þjóðdansasfélagi Reykjavíkur 1951 og gegndi þar formannsstöðu árin 1962-64. Hún er sérfróð um íslenska búninga, var fulltrúi FÍG í Samstarfsnefnd um íslenska búninginn og hefur verið fulltrúi Þjóðdansasfélags Reykjavíkur í Þjóðbúningaráði frá árinu 2001.

Hún var formaður FIG frá 1974-75, fyrst kvenna á Norðurlöndum til að gegna þeirri stöðu.

Upphlutsborðar, millur beltispör, beltisdoppur, stökkabelti, skúfhólkar, ermahnappar, brjóstnælur, húfuprjónar, hringar - eru meðal þeirra muna sem Dóra hannar og framleiðir á verkstæði sínu. Dóra smíðar einnig búningasilfur eftir eldri frumgerðum, til dæmis eftir mynstrum og gripum á Þjóðminjasafni.

Dóra hefur tekið virkan þátt í sýningum innanlands sem utan. Jafnframt kappkostar hún að setja þjóðlegt handverk í nýtt samhengi og tengja það við tískustrauma nútímans. Þar fer saman vilji til að gera tilraunir með ólík efni og haldgöð þekking á formi, gerð og mynstrum frá fyrri tímum.

Nánari upplýsingar um sýningu Dóru í Árbæjarsafni og ráðstefnuna má finna á www.buningurinn.is

Tveir milljarðar til rannsókna á matvælasviði

Nordforsk, samstarfsvettvangur norrænna rannsóknasjóða, hefur ákveðið að verja tveimur milljörðum króna til rannsókna á sviði matvæla, næringar og heilsu á árunum 2006-2011.

Umsóknarfrestur um styrkina verður kynntur um miðjan ágúst. Talið er líklegt að umsóknarfrestur verði til loka september.

Fyrst og fremst verður um að ræða styrki til að efna til

samstarfs vísindamanna milli landa og til að fjármagna stöður doktorsnema, gistiprófessora og sérfræðinga.

Nordforsk hefur yfir að ráða sjóðum til eflingar rannsóknasamstarfs á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjum um í samvinnu við rannsóknasjóði landanna.

Nánar má lesa um áætlunina á vefnum á slóðinni <http://www.nordforsk.org>.

Matvæladagur MNÍ 2006

Öflugur matvælaíðnaður í stöðugri framþróun

Matvæla- og næringarfræðafélag Íslands (MNÍ) stendur fyrir árlegum Matvæladegi föstudaginn 20. október næstkomandi. Dagurinn hefur frá fyrstu tíð fengið góðar undirtektir aðila sem starfa við matvælaframleiðslu, matvælaeftirlit, manneldismál, kennslu- og fræðslumál.

Vönduð dagskrá og áhugaverðir fyrirlesarar

Á hverju ári er Matvæladagurinn helgaður tilteknu málefni. Í ár verður umfjöllunarefni dagsins „Öflugur matvælaíðnaður í stöðugri framþróun.“ Þar munu íslenskir sérfræðingar úr ýmsum greinum matvælaíðnaðar og rannsóknasamfélagi gefa yfirlit um íslenskan matvælaíðnað, helstu tækninýjungar, stefnu og þróun þessa iðnaðar á Íslandi og erlendis og gerð verður grein fyrir viðhorfi neytanda. Aðalfyrirlesari ráðstefnunnar er dr. Tim Lang, prófessor við City University í London, en hann fjallar um hollustu- og

matvælastefnu fyrirtækja og samfélagsins. Tim Lang er prófessor í "food policy" eða matvælastefnu við City University. Hann hefur meðal annars átt þátt í stefnumörkun stjórnvalda í Bretlandi sem ráðgjafi og vísindamaður. Dr. Tim Lang er einnig höfundur nýútkominnar skýrslu um hollustustefnu 25 stærstu matvælafyrirtækjanna í heiminum um þessar mundir.

Veglegt tímarit

Í tilefni dagsins gefur félagið út veglegt tímarit, Matur er mannsins megin, þar sem fjallað er um ýmis áhugaverð mál-efni á sviði matvælaíðnaðar og manneldis ásamt ítarlegri umfjöllun um efni Matvæladags ár hvert. Tímaritinu verður dreift um allt land með Morgunblaðinu í vikunni fyrir Matvæladag.

Fjöregg MNÍ

Í tengslum við Matvæladaginn verður að vanda afhent Fjöregg MNÍ fyrir lofsvert



framtak á matvælasviði. Fjöreggið er veglegur verðlaunagripur, hannaður og smíðaður af Gleri í Bergvík. Samtök iðnaðarins hafa gefið gripinn allt frá upphafi. Allar tilnefningar um vörur eða verkefni, sem eru verðugir handhafar Fjöreggsins, eru vel þegnar.

Drög að dagskrá Matvæladagsins er að finna á vefsetri Samtaka iðnaðarins www.si.is undir liðnum á döfni.

Ný reglugerð um íblöndun bætiefna í matvæli

Umhverfisráðherra hefur sett reglugerð um íblöndun bætiefna í matvæli. Samkvæmt reglugerðinni er öll íblöndun bætiefna óheimil nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Þetta á jafnt við um vörur sem þegar eru á markaði og nýjar vörur.

Í reglugerðinni kemur ekkert fram um hvað við verður miðað við veitingu leyfa. Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun verður birt ítarleg lýsing á því hvernig stofnunin hyggst meta umsóknir á vef stofnunarinnar, www.ust.is, strax að loknum sumarleyfum eða í lok ágúst. Þar verður einnig birt umsóknareyðublað sem að sögn verður mun einfaldara en það sem áður hefur verið notað.

Samtök iðnaðarins hafa árum saman kallað eftir skýrum reglum um leyfilega íblöndun bætiefna í matvæli. Þessi nýja reglugerð skýrir málið ekki á neinn hátt heldur þvert á móti bannar hún allt en veitir Umhverfisstofnun óskorað vald til að ákveða í hvaða tilvikum íblöndun bætiefna verður leyfð. Einnig hefur stofnunin vald til að setja sérstakar reglur um merkingar sem ekki eru

skýrðar nánar. Þetta er í algerrri þversögn við væntanlegar samræmdar reglur Evrópusambandsins þar sem settir verða upp listar yfir leyfileg efni, í hvaða vöruflokka má bæta og hámarks- og lágmarksgildi.

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði er

veittur ársfrestur til að sækja um leyfi fyrir vörur sem þegar eru á markaði. Binda verður vonir við að samræmdar reglur Evrópusambandsins um íblöndun bætiefna í matvæli verði birtar áður en sá frestur er liðinn.

Ragnheiður Héðinsdóttir



Drög að Mannvirkjalögum

Nefnd umhverfisráðuneytisins, sem falið var að endurskoða byggingarlög, skilaði á dögunum drögum að Mannvirkjafrumvarpi til umhverfisráðherra. Nefndina skipuðu undirritaður f.h. Samtaka iðnaðarins, Magnús Sædal f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Björn Karlsson f.h. Brunamálastofnunar, Ágúst Þór Jónsson f.h. forsætisráðuneytisins, Ingimar Sigurðsson, Ingibjörg Halldórsdóttir og Smári Þorvaldsson f.h. umhverfisráðuneytisins.

Nefndin hefur starfað undanfarin fjögur ár eða frá því í maí 2002. Fyrstu tvö árin fólst starfið í að skilgreina stjórnskipulag mannvirkjamála ekki síst verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Undanfarin tvö ár hefur verið tekið á málum sem snúa að framkvæmdum og samskiptum þeirra sem koma að byggingu mannvirkja.

Mörgum finnst fjögur ár e.t.v. langur tími og að nefndin hefði átt að geta hrist þetta fram úr erminni á styttri tíma. Staðreyndin er hins vegar sú að breytingarnar, sem lagðar eru til, eru töluverðar og því mjög mikilvægt að vel sé til verksins vandað, ekki síst í ljósi þess að margir hafa talið að núverandi skipulags- og byggingarlög séu ekki nægjanlega góð.

Helstu nýmælin, sem er að finna í drögum að Mannvirkjalögum eru:

- Byggingarlög og skipulagslög eru aðskilin



Samvinna er rétta leiðin

- Skilgreint er hlutverk er nýrrar stofnunar, Byggingarstofnunar
- Breytingar á hlutverkum sveitarfélaga. Byggingarnefndir verða af lagðar og Byggingarstofnun ætlað að veita tiltekin byggingarleyfi
- Hægt er að fela faggiltum skoðunarstofum byggingareftirlit
- Byggingarleyfisskyldum framkvæmdum er fjölgað
- Ábyrgð aðila er skýrð
- Viðskipti með byggingarvörur og CE merkingar eru teknar inn í frumvarpið
- Tekið verður upp byggingaröryggisgjald

Ekki verður lýst nánar í þessari grein hverjar breytingarnar eru miðað við nügildandi skipulags- og byggingarlög. Undirritaður er hins vegar reiðubúinn að skýra félagsmönnum frá því hvenær sem er.

Ljóst er að í starfi sem þessu næst

aldrei allt fram sem maður helst hefði viljað. Við borðið sitja margir sem hafa ólíkar skoðanir og því þarf oft að sætta sig við málamiðlun. Þó má fullyrða að seta í slíkri nefnd skilar meiri árangri fyrir félagsmenn SI en ef setið er hjá og eingöngu treyst á að ná fram breytingum í gegnum umsagnir til nefnda Alþingis.

Meðan á starfi nefndarinnar stóð var haft mjög náið samráð við félagsmenn SI. Fundað var reglulega og með einstökum hópum mannvirkjagreina um þau atriði, sem voru til umræðu í nefndinni á hverjum tíma og hvaða afstöðu ætti að taka til þeirra ýmsu atriða.

Drögin hafa verið kynnt ríkisstjórn og þau eru nú til umsagnar hjá þeim aðilum sem eiga hagsmuna að gæta. Að því loknu kemur nefndin saman á nýja leik og fer yfir umsagnirnar. Það er von nefndarmanna að frumvarpið verði lagt fram á næsta þingi og að það verði að lögum 1. janúar 2007 eins og gert er ráð fyrir í drögumunum.

Hins vegar liggur fyrir að þegar drögin verða að lögum þarf að semja reglugerðir sem skýra tilgang laganna enn frekar. Mikilvægt er að fulltrúi SI taki þátt í þeirri vinnu.

Drög að mannvirkjafrumvarpi er hægt að sjá í heild á

www.umhverfisraduneyti.is/frettir/nr/838

Eyjólfur Bjarnason

Matvælaráðstefna CIAA í haust

Evrópusamtök matvælaframleiðenda, CIAA, halda stóra ráðstefnu annað hvert ár um málefni sem eru ofarlega á baugi í matvælaíðnaðinum. Slík ráðstefna verður haldin á Hilton hótelinu í Brussel 26. og 27. október nk. Að þessu sinni verður fjallað um samspil matvæla og heilsu í víðu samhengi og hvernig iðnaðurinn getur orðið við óskum neytenda en titill ráðstefnunnar er Food for Life..., meeting consumers' needs. Gert er ráð fyrir 350 þátttakendum úr iðnaði, opinberum stofnunum, neytendasamtökum, vís-

indastofnunum og útgáfufyrirtækjum víðs vegar að úr heiminum.

Fyrri dagur ráðstefnunnar fer fram í þremur samhlíða straumum þar sem hátt settir aðilar frá Heilbrigðisstofnun Sameinuðu þjóðanna (WHO), Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA), Evrópusambandinu, neytendasamtökum og iðnaði munu fjalla um efni á borð við offitu, hegðun neytenda m.t.t heilsu og næringar, viðhorf Evrópusambandsins til óska og þarfa neytenda og nýjustu þróun í matvæla- og

næringarfræðum til að auka velliðan fólks og fleira. Síðari daginn verður fjallað um samspil mataræðis, hreyfingar og heilsu sem alþjóðlegt viðfangsefni sem nálgast má svæðisbundið. Nánari upplýsingar um ráðstefnuna má að finna á vefsetri CIAA, www.ciaa.be.

